

Útgæislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBOND VIÐ AÐRAR STJÓRNU. 68. TBL. 14. ÁRG. ÁGUST 1991.

• Vér þurum að vita af lífinu á öðrum jörðum alheimsins og
leita sambands við það.


(Helgi Pjeturss)

GEIMPOKAN FAGRA

(Sjá forsíðumynd)

Eitt af fegurstu geimskýjum í vetrarbraut okkar er TINDPOKAN (Cone Nebula), sem er í 2600 ljósára fjarlægð. Hún er dimmt ský, og ber við víðáttumikla ljómpoku, sem liggur fjær.

ÖRNINN



ÖRNINN er ímynd arnarins, sem goðsögnin segir að guðinn Seifur hafi sent til að sækja Ganýmedes, sem verða skyldi skutilsveinn guðanna. — Örninn ber við vetrarbrautarslæðuna, sem stundum sést héðan í góðu skyggni.

Þorsteinn Guðjónsson:

Leifur heppni — og hugarfarið

Tveir hinir frægustu Íslendingar sem uppi hafa verið fyrr og síðar, Snorri Sturluson og Leifur Eiríksson, hafa öðlast nokkra nafnfrægð hér á landi nú síðustu dagana, og þó mest fyrir „þrýsting að utan“ — enda er það að miklu leyti annarráa þjóða verk, að verðleika þeirra hefur verið getið.

Í kvöldfréttum ríkissjónvarps 29. september hafði lektor í norrænum fræðum við Háskóla Íslands, aðspurður þau orð um Leif, að hann væri fæddur á Íslandi — „hafi hann þá nokkurn tíma verið til“. Lektorinn hefði vel getað sparað sér þessa aukasetningu, en hinsvegar hygg ég mér vera betur kunnugt en honum sjálfum, hvaðan þessi glósa er ættuð.

Málið horfir þannig við í einföldustu dráttum: Íslensk sögurit frá 12. og 13. öld voru lengi og eru enn af mörgum taldar merkar sagnfræðiheimildir. Ýmis samanburður hefur stutt þann skilning, en það sem upphaflega villti fyrir sumum, sem ekki bekktu nógu vel til, var það hve ritunartíminn var löngu eftir tíma atburðanna sem frá er sagt í sumum þessum sögum, oft 200—300 ár. Þeir ályktuðu sem svo, að þetta gætu ekki verið sannar sögur úr því að þær væru svona löngu seinna ritaðar. Meðal þessa eru hinir miklu landafundir „norðenna manna“ í Vesturheimi um og fyrir árið 1000. Tvær sögur: Eiríks saga rauða og Grænlendinga saga eru þar einkum til frásagnar. Þeim ber dálitið á milli í einstökum atriðum, en í aðalatriðum er ljóst hvað gerst hefur.

Nokkru fyrir miðja þá öld, sem nú er, upphófust þau skrif, einkum hér á landi, sem kennd eru við „rengingafræði“, og þóttist hver mestur, sem flest gat rengt af hinum fornu fræðum, og auðvitað þróaðist þetta smám saman út í meiri og meiri öfgar og firrur. En þegar Helge Ingstad fann rústirnar við Lanse-aux Meadows á Nýfundnalandi kom babb í bátinn. Það urðu tölverð upphlaup í liðinu hér og þar, þegar þetta kom fram, og til þess að gera ekki Íslendingum of rangt til, skal ég geta þess, að aðrir háskólar á Norðurlöndum voru allt annað en hrifnir af þessu í fyrstu. En það þýddi ekkert, rústirnar voru þarna og tímasetningin óyggjandi. *Það hafði sannast að Íslendingasögur hafa rétt fyrir sér.* En þetta er sá biti, sem Háskóla Íslands hefur orðið erfiðast að kyngja, og má jafnvel segja að standi í honum enn.

Með líkum svip og glósa lektorsins var sú athugasemd sprýrils sjónvarpsins, að Leifur hafi verið „uppnefndur“ hinn heppni. En sennilega er slíkt orðbragð meir að kenna van-kunnáttu sprýrilsins en viljandi ásetningi. Hann hefur ekki vitað muninn á viðurnefni og uppnefni.

Leifur Eiríksson var Íslendingur og hann fann Ameríku. Um hvorugt þetta er deilt á hinu fræðilega sviði, og að reyna að komast undan því með því að kalla hann Grænlending er út í bláinn, því að „vor lög“ giltu á Grænlandi á þeim tíma, eins og dr. Jón Dúason benti réttilega á. En undanbrögð rengingasinna munu seint enda taka. Menn ættu bara að taka eftir því hvernig fjölmíðlarnir verða „notaðir“ næstu daga — áður en til tíðinda dregur í Washington.

Mbl. 4. október 1991.

Þorsteinn Guðjónsson:

Draumur um Atlantis

Í haust sem leið kom hingað til lands þýsk stúlka, nær þritugsaldri, leitaði sambands við áhugafólk, og ýmsra upplýsinga. Misjafnt var, hvernig brugðist var við. Loks var hún komin inn á mitt heimili. Menntun hennar, þekking og siðfágun var á háu stigi. En kalla má, að hún hafi sótt fast eftir því sem hafa vildi. Ég fræddi hana um hina íslensku draumakenningu. Hún hlustaði með athygli og skildi furðu vel. Ekki fann ég á henni, hvort hún væri líkleg til að taka afstöðu í samræmi við greindarstig sitt. Hún sagði mér af miklum draumi, sem hana hafði dreymt í æsku, og skráð nokkru síðar. „Þann draum vildi ég sjá ritaðan“, varð mér að orði. Fjórum mánuðum síðar fæ ég bréf frá henni og var þar kominn draumurinn um eyjuna fögru og endalok lífsins þar. Það er ein hin vandaðasta frásögn af draumi, sem ég hef fengið í hendur, og hef ég þó margar góðar séð. Þess verður að gæta, að það var fjörtán ára stúlka, sem skráði drauminn, einu eða tveimur árum eftir að hann var dreymdur; og fullyrðir sögukonan, að hún hafi þá — og lengur — munað hvert smáatriði rétt. Er engum betur ljóst en draumafræðingi, að mikið er hæft í því. Hin vönduðu þýsku vinnubrögð leyna sér ekki. Aldrei hafði stúlkan heyrt hina íslensku draumakenningu svo mikið sem nefnda þegar þetta var. En nú skulum við heyra drauminn, eins og hann var skráður í árslok 1977, einu til tveim árum eftir að hann var dreymdur. Kenndur er hann við Atlantis en það er lítið að marka eins og ég vonast til að geta varpað ljósi á. Hinsvegar kalla ég hann „vitneskjudraum“ jafnframt því að hann er skynjanadraumur, og fer ég ekki lengra út í skýringu á þeim orðum. Hér hefst draumurinn:

Draumurinn

„Ég lít nú aftur í tímann um eitt eða tvö ár. Þá var ég að lesa eitthvað um Atlantis. Af hendingu rakst ég á þetta í smátexta við myndasögu í hefti, þar sem minnst var á hina sögufrægu eyju. (Myndasagan í *Fix* og *Faxi* átti ekki hið minnsta skyld við Atlantis; það var verið að segja frá glæpahyski, sem framdi illvirki sín á einangraði eyju, og greip höfundur sögunnar til Atlantis-nafnsins aðeins til þess að láta hana heita eitthvað). Alveg óháð þessu var á öðrum stað í sama blaði sögð í stuttu máli hin rétta Atlantis saga: Atlantis hafði beðið ósígur fyrir Aþenumönnum og síðan sokkið. **Í draumi mínum var þetta þó öðruvísi.**

Eyjan var sléttlend, en yfir sléttuna gnæfði mikill klettur sem tók yfir þriðjung af flatarmáli hennar. Nærri helmingur sléttunnar var stæði borgar einnar sem þar var. Allar byggingsar voru hvítar, væntanlega úr marmara. Það sem eftir var af landinu var mjög frjósamt, og hver blettur nýttur til hins ítrasta, en þó var óhugsandi að sléttan gæti brauðfætt borgina. Borgin rak verslun, enda stóð hún við stóra höfn.

Hinn geysistóri, rauði klettur var ókleifur, því að hann var þverhníptur á alla vegu. Hann var sléttur að ofan og lágu þar vegir, 1 til 2 metra breiðir og meðfram þeim runnar, um 25 cm á hæð. Vegirnir lágu óreglulega og skárust sumstaðar. Þrep voru á þeim, t.d. þannig að á einum stað gekk vegur tvö þrep niður, en rétt á eftir þrjú eða tvö upp. Vegirnir mættust á stað, þar sem horfa mátti yfir borgina og akrana, og lækkuðu allir þar um eitt til þrjú þrep. Þar sem vegirnir mættust, var kletturinn gróðurlaus, og á þessum gróðurlausa bletti, 4 metra löngum og tveggja og hálfss á breidd lá rauður finn sandur eða smámöl. Héðan var besta útsýni yfir alla eyjuna. Annarsstaðar gekk kletturinn snarbratt í sjó fram. Ég hljóp eftir vegi á bjargbrúninni í átt að þessum útsýnisstað. Ég steig fram á brúnina, og horfði yfir húsin og hofin. Ég fann ekki til minnsta geigs um það steypast niður (eins og ég geri þó í vöku við það eitt að hugsa til slíks). Ég var í forngrískum búningi, og mér fannst það ekki annað en

sjálfsagður hlutur að vera svo búin. Nokkra stund stóð ég þarna og naut útsýnisins með söknuði og geig. Ég var komin til að kveðja Atlantis í síðasta sinn, því ég vissi að endalok þess væru ekki langt undan.

Dimma skýflóka dró á himinn. Þá kom skyndilega yfir ofsaleg vindhviða (þannig skildi ég þetta þá — ég var aðeins 12 ára — jarðskjálfta á sjávarbotni hafði ég ekki heyrت nefnda; en móti þessum skilningi mælti það, að runnarnir meðfram veginum hjá mér bærðust ekki — né heldur undirstaðan sem ég stóð á). Vindhviðan jafnaði alla borgina við jörðu. Skelfingu lostin sá ég hofin og húsin hrynjja, og fólkið grafast þar undir. Sumt reyndi að flýja út á skipin í höfninni, en skriður féllu á það á leiðinni og eyddu því. Þeir sem þó komust út í skipin, hlutu að drukkna, þar sem þau hrakti að hafnargörðunum og braut við þá. Sjórinn hélt áfram að hækka og skolaðist yfir rústirnar. Brátt mundi kletturinn mikli ekki standa lengur upp úr.

Skyndilega heyrði ég rödd sem skelfdi mig. Þegar ég sneri mér við stóð frú Kohlmeier að baki mér (en hún er ströng — en jafnan fallega klædd — kennslukona í þýsku og latínu, sem hafði kennt mér þýsku árið áður) — einnig í forngrískum búningi. Hún steig fram á brúnina við hlið mér og gaf reiði sinni til míni lausan tauminn. Ég hafði ekki hugmynd um hversvegna hún lét svona, og færði mig tíu metra frá brúninni, en hún horfði yfir flóðið, sem enn var að rísa, án þess að láta sig nokkru skipta, og hélt áfram reiðilestri sínum. Ég var að hugsa um að flýja undan hrópi hennar og skömmum, en þó sneri ég mér að henni og hugsaði: „ég verð að vita, hvað hún er að segja!“ Ég reyndi eins og ég gat að skilja hana, en gat það alls ekki. Málið sem hún talaði **kom mér næsta kunnuglega fyrir**, en þó skildi ég ekki orð, því að **þetta var alls engin þýska**. Þegar hún loksns hætti, sneri hún sér einnig að mér. Ég stökk framhjá henni og stóð þá um 1 metra frá henni og á bjargbrúninni. Framundan sá ég ekki annað en flóðið, sem enn hafði hækkað. Þá færði ég mig hneigðu höfði eina 20 metra til baka inn á klettinn,

sömu leið og ég fyrst hafði farið, **hóf mig til flugs og sveif yfir hafið á brott.**

Hér endaði draumurinn.

Hið óvenjulega við þennan draum markast af þessum aðaleinkenum (segir dreymandi):

Mig hafði aldrei fyrr og aldrei síðan dreymt draum, sem hefði slíkan örlagaþunga í sér fólginn, og væri eins skýr og öflugur og þessi. Jafnvel fjórum árum síðar gat ég munað hann í minnstu smáatriðum nákvæmlega og án fyrirhafnar.

Aldrei hefur það annars komið fyrir mig í draumi að fljúga í lofti, vera í búningi frá fornöld eða þar sem talað var óþekkt tungumál.

Þetta er eini draumurinn sem mig hefur dreymt og ég hef verið þakklát fyrir, og ég vildi alls ekki hafa misst af að dreyma. — Einnig var **draumtilfinningin** öðruvísí en í öllum öðrum draumum, af hvaða tagi sem þeir annars voru.

Þrem árum eftir að ég skrifaði draumin upp, komst ég að því, að Platón hafði sagt, að Atlantis hafi staðið á rauðum berggrunni.

Þegar ég var tólf ára, hafði ég aldrei séð mynd af eyjunni Helgoland (en hún er úr rauðu bergi), eða a.m.k. mundi ég ekki til þess. Þegar ég var rúmlega tvítug og fékk í fyrsta sinn að líta eyjuna augum, sá ég, að vegirnir uppi á sléttunni voru um 1 metri á breidd, og ekki hellulagðir; ennfremur með þrepum þar sem þeir risu eða lækkuðu.“

Athugasemdir P.G.:

Það má telja næsta líklegt, að frú Kohlmeier, kennslukona, sé **stillir** að þessum draumi. Hún er latínukennari, lifir því í fornöldinni og enginn sem les forna latínu getur verið án áhuga á Forngríkkjum. Fjölmargir fornmenntamenn, jafnt í Þýskalandi sem annarsstaðar, eru gagnteknir af sögunni um Atlantis, og meðal sumra Þjóðverja er ríkjandi

sú tilhneiting að setja Atlantis í samband við eyjuna Helgoland. Því fer þó fjarri að svo sé. Atlantis með sínumm tólf borgum hefur aldrei verið til á þessari jörð. (En hugsanlegt er að menning hér á jörð hafi tekið við mótagi áhrifum frá Atlantis hnettinum áður en hann fórst, jafnvel í gangstíga-gerð). Atlantis-endalokin eru samskonar og Ragnarök eða Endalokin í Opinberunarbókinni eða þau sem nú eru fram-undan hér á jörð, ef menn læra ekki að skilja eðli drauma.

Draumurinn verður fyrir **samtíma-samband** stúlkunnar við **stað**, þar sem svipblær menningarinnar er líkur og hjá Forngríkkjum, og við **draumgjafa** sem, bæði að góðvild og mætti, er langt kominn á þroskabraut. Hún **getur svifið** — hversu margir eru ekki þeir sem einhverntíma hafa reynt, hvernig er að vera í sambandi við draumgjafa sem getur svifið? Hún **syrgir endalokin**, því að borg þessi er henni kær. Hún er **hólpin**, þótt borgin farist, samastaður hennar er annar og æðri. Og hún er í draumnum **allt önnur** stúlka en sú, sem drauminн dreymdi og skráð hefur. Auðvitað hafði sú, sem frásögnina skrifar, ekki hugmynd um draumgjafa og fjarsamband. En sú stúlka er vissulega ekki þessi, sem hún þóttist vera í draumnum. En hinsvegar varpar þessi draumreynsla skýru ljósi á uppruna endurburðartrúarinnar, einmitt hjá þeim sem fastastir hafa orðið í henni.

Svo vönduð sem þessi frásögn er, og athyglisvert efni hennar, er ég ekki grunlaus um að endurburðartrúin vaki þarna yfir og ætli sér bráð. Hver sem sett hefur sig inn í hugsanagang endurburðarfólks mun skilja að því hættir til að túlka einmitt drauma af þessu tagi, sem verða minnisstæðir ævilangt, þannig, að þar sé um „fyrra líf“ að ræða. Það er „sterk reynsla“ af slíku tagi, sem fram að þessu hefur mótað líf fólks í miklu meira mæli en vitað er og viðurkennt. En vegna þess að stúlka þessi komst í kynni við hina íslensku skýringu á eðli drauma, þótt treglega væri tekið við, mætti e.t.v. gera sér vonir um að hin óheillavænlegu endurburðaráhrif verði henni ekki til meins. Í stað þess að halda að hún sé þessi grísk-atlantiska stúlka, sem ógnþrungna atburði sá

og hóf sig síðan til svifs, þarf hún að skilja, að sú mannvera er til, er önnur en hún, og vill leiðbeina henni ef vel er við orðið.

„Örlagabungi“ er rétt lýsing hjá stúlkunni. Meðan menn eru fastir í þeim misskilningi, sem endurburðartrúin er, fá þeir með engu móti umflúið örlög sín. — En um leið og menn skilja, hverfur misskilningurinn eins og þokuslæða á dalbotni við það að sól kemur upp.

Ingvar Agnarsson:


Mannsandlitið á Mars

Þegar geimfarið **Viking** var sent til reikistjörnunnar Mars árið 1976, var tekinn mikill fjöldi ljósmynda af yfirborði hnattarins. Kom þá margt í ljós, sem enginn hafði haft hugmynd um áður, m.a. fjöll og mikilfengleg gljúfur, einnig aðrar ójöfnur, sem að ýmsu leyti líktust fyrirbærum, sem þekkt eru hér á jörðu.

Á einum stað, var t.d. að sjá klett einn mikinn eða e.k. fjall, sem úr geimnum að sjá líktist mannsandlti. Það stendur upp úr sandauðninni á svæði sem liggar á milli mikils eldgígasvæðis á aðra hönd en á hina eyðimerkur-svæðis þess, sem kallað er Acidalia Planitia.

Andlit þetta hið mikla hefur gefið ýmsum tilefni til hugmyndaflugs og bollalegginga um byggð á Mars, en alveg mun víst vera, að á Mars eru alls engir möguleikar til búsetu fyrir mannlegar eða viti bornar verur.

Við þekkjum það vel frá okkar eigin jörð að veðrun og náttúruöfl hafa þau áhrif á steina og kletta að þeir líkjast stundum mannsandlitum og ýmsum öðrum hlutum, sem okkur eru vel kunnir úr daglegu lífi. Eins mun vera um hliðstæð fyrirbæri á yfirborði Mars, að þar er aðeins um jarðmyndanir að ræða, sem náttúruöflin hafa mótað og meitlað í tímans löngu rás.



Hér sjáum við andlitið á Mars, en það hefur náttúran sjálf meitlað og mótað með veðrun og öðrum öflum sem ráðandi eru á þessum áhugaverða granna okkar í geimnum.

Þorsteinn Guðjónsson:

Sýnir frá öðrum hnöttum — og heimsóknir þaðan

Árið 1949 dreymdi mig draum, sem varð mér mikilsverður áfangi á þeirri leið að átta mig á eðli drauma, en sú viðleitni míni hafði vaknað við að lesa rit íslensks vísindamanns um þau efni, dr. Helga Pjeturss. Margir héldu, að þau rit væru trúarlegs eðlis, og fékk ég að heyra það þá og lengi síðan, að nú væri ég orðinn trúaður, úr því að ég væri farinn að leggja stund á þessi rit. En ég leit dálítið öðruvísí á það mál og hélt mig við það, sem mér hafði sjálfum skilist, og hef ég jafnan síðan talið mér til gildis að láta ekki hrekja mig af þeirri leið, sem mér virtist þarna vera hin rétta. — En draumurinn var á þá leið, að mér þótti ég vera staddur uppi við Öskjuhlíð, (sem þá var líklega mikilsverðari staður í hugum Reykvíkinga en nú er) og horfa til himins, og var þetta all-ólíkt því, sem nokkurn tíma hefur verið að sjá af þeirri Öskjuhlíð, sem er. Himinninn var þéttsettur þúsundum stjarna, sem blikuðu miklu skærar en jafnvel þær, sem allra bjartastar eru á himni vorum, eins og til dæmis Siríus og Vega. Þessu fylgdi einhver sú gleðitilfinning, sem ekki mun vera auðvelt að lýsa, og við þetta vaknaði ég og þóttist reynslunni ríkari og þar með nokkru fróðari. Ég þóttist skilja, að sýn míni í draumnum hefði verið tilkomin fyrir samband við draumgjafa, verið nokkuð, sem raunverulega bar fyrir einhvern íbúa fjarlægs sólhverfis, þar sem stjörnur skína bjartar en hér. Þessi ályktun míni var rétt, eins og síðar sýndi sig, en þó leið meir en hálf annað ár þangað til ég fékk fullan skilning á því, sem þarna var um að ræða. Var það við að lesa stjörnufræðibók eftir Fred Hoyle, sem þá var nýþydd á íslensku. Þar sagði Fred Hoyle frá því, að til væru

stjörnuþyrpingar innan Vetrarbrautarinnar og umhverfis hana, þar sem sólirnar hnöppuðust saman miklu þéttar en á því geimsvæði, sem er hér umhverfis. Og hann létt þess getið, saá ágæti maður Fred Hoyle, að væri maður staddur á reikistjörnu, sem fylgdi einhverri af þessum sólum hinnar þéttu þyrpingar, þá væri þaðan að sjá svo bjartan stjörnuhimin, að meir en þúsund stjörnur skærari en Siríus skinu þar. Var þetta ekki alllítill uppörvun fyrir mig, að **athugun**, sem ég hafði gert í **draumi**, skyldi fá fulla staðfestingu af stjarnfræðilegri þekkingu, sem mér var ókunnugt um, þegar mig dreymdi drauminn. Þótti mér þetta mikil sönnun þess, að draumaathuganir væru nokkuð, sem byggjandi væri á, ef þær á annað borð væru tengdar þeirri þekkingarundirstöðu, sem lögð hefur verið.

Rúmum tuttugu árum síðar sagði mér maður, sem þá hafði nýlega kynnst kenningu Nýals, að sig hefði dreymt einmitt sams konar draum og þann sem hér var lýst. Hafði það gengið nokkuð líkt til og um minn draum, að mannum var það strax nokkurn veginn ljóst, en ekki að fullu, hvers eðlis stjörnusýnin var. En nokkru síðar las hann bókinna eftir Hoyle og skildi þá til hlítar, hvers eðlis þetta var. Þótti okkur báðum þetta töluvert merkilegt, að „sagan endurtók sig“ á þennan hátt. En vitanlega var það ekki sami draumurinn, sem okkur dreymdi, heldur fékk hann samþand við einhvern draumgjafa, líklega í sömu stjörnuþyrpingu, svona löngu síðar. Var þá vitanlega enn hið sama að sjá þar, á þeim slóðum, og verið hafði áratugum áður. En sagan er ekki öll sögð með þessu. Dreymt hefur menn, héðan af jörð, í þetta sama stjörnuhverfi (eða annað sams konar, sem er þó ólíklegra) og lýst greinilega sams konar sýn og þeirri sem fyrir okkur bar, löngu áður en við kunnum frá þeirri reynslu að segja. Dreymandinn var enginn annar en **Helgi Pjeturss.**, og sagði hann frá þessu í grein sem het **Fróðlegt lof og maklegt**, og birtist í Vísi 21. nóv. 1939, en um þetta vissi ég ekkert fyrr en nú um áramótin síðustu. Helgi Pjeturss. segir þannig frá (í upphafi greinar sinnar):

„Mig dreymdi, að ég stæði úti vetrarkvöld og virti fyrir

mér himinninn. Stjörnubjart var, og að vísu svo, að langt bar af því, sem ég hefi nokkru sinni í vöku séð. Fjölda af stjörnum var að sjá, sem skinu stórum bjartar en jafnvel hin silfurblikandi Venus, og ekki einungis bjartar, heldur á nokkuð annan og einkennilega unaðslegan hátt. Ég vaknaði brátt og fór að hugleiða þennan svo óvanalega góða draum, og til hverra stillíahrifa hann mundi vera að rekja. Minntist ég þá þess, að ég hafði daginn áður átt nokkuð rækilegt samtal við hinn unga vísindamann dr. Trausta Einarsson, sem tekið hefur doktorspróf í stjörnufræði við þýskan há-skóla og einnig lagt stund á jarðfræði. Kom mér í hug, að í augum þeirra, sem kunnugt væri um náttúrulögþáð sem ég hefi fundið og nefnt stillilögþálið (the biodynamical law of determinants), mundi þáð vera meir en lítið lof um hinn unga vísindamann, ef ég segði frá draumi þessum. En ég hefi oft, þegar ég hefi getað komið því við, skrifað eitt-hvað um unga og byrjandi náttúrufræðinga — og þó raunar fleiri — sem þeim gæti að liði orðið.“

Þessir þrír draumar, dreymdir á árabilinu frá 1939—1972, eru býsna merkilegir, ef menn reyna að skilja þá. Þeir eru hver öðrum óháðir, því að hvorugur hinna síðari dreymenda veit af hinum fyrri, þegar hann dreymir. Og þó bera þeir allir með sér sams konar stjarnfræðilega vitneskju og sanna þar með uppruna sinn.

Draumasamböndin varpa ljósi á ráðgátu „flugdiskanna“

Þegar þáð er nú á þennan hátt sannað, að slíkt lífsband milli stjarna sem draumarnir bera vott um á sér stað í svefni, og að hver maður er í rauninni sendi- og viðtæki lífmagns, þá verður einnig auðvelt að skilja, hvernig fyrribæri eins og þau, sem nefnd hafa verið „fljúgandi diskar“, hafa getað orðið til. „Diskarnir“ eru lífmagnsfyrribæri, sem myndast á lífaflsvæði jarðarinnar. „Diskurinn“, sem sást úti fyrir Austfjörðum 24. maí í fyrra, — sem einhver hélt, að

verið hefði loftbelgur, en aðrir njósnatæki (!) var einmitt þess konar fyrirbrigði, og sáu hann hundruð manna á Austurlandi. Annar var yfir Vestmannaeyjum sama dag, og kvíkmyndaðist hann í hálftíma samfleytt á sjálfvirka myndavél frá Raunvísindastofnun, sem höfð var til að fylgjast með gosinu, og er þetta eitthvert öruggasta dæmi um „fljúgandi disk“ sem um getur í vísindasögunni. Menn þurfa ekki að láta sér neitt bregða, þótt „diskarnir“ séu settir í samband við vísindi og þekkingu því að það gera nú ýmis virtustu vísindatímarit á Vesturlöndum. Og Carl Sagan stjörnufræðiprófessor í Bandaríkjum segir, að hugsunin um lengra komna íbúa annarra stjarna sé nú orðin rótföst í vísindum hér á jörð. Sjá einnig söguna um Jónatan Livingston Máv, sem er að vísu skáldsaga, en svo ágætlega heimspekkileg skáldsaga, að „allur ísraelslýður er kominn á stjá“ út af henni, þar með taldir ónefndir reykvískir revíuhöfundar, sem langar til að láta sín að einhverju getið.

„Diskana“ yfir Austfjörðum og Vestmannaeyjum þann 24. maí — en þeir birtust á sömu stundu og Anthony Brooke fyrrum þjóðhöfðingi var að segja íslenskum blaðamönnum frá fljúgandi diskum á Hótel Esju í Reykjavík — tel ég langmerkilegasta viðburð síðastliðins árs. Því að þeir voru: raunveruleg og efnisleg heimsókn frá öðrum hnetti, sem stjórnað var af stjörnubúum. Og þeir komu fram á filmu frá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Morgunblaðið 6. mars 1974.

Stjörnur, sólir á litlum bletti himins.



Sólir blasa við sjónum okkar um blávegu himins, en á reikistjörnum þeirra mun viða líf að finna, í líkingu við mannlíf jarðar okkar.

Þorsteinn Guðjónsson:

Þingvellir og örlög þjóða

„Andleg“ áhrif Íslands á heimsmálin eru ómótmælanleg og þau miða til þess að koma á friði, en þyrftu þó að verða miklu meiri en er. Það þarf að viðurkenna stórkostlegt hlutverk Íslands — en þar er meðalmennskan til andstöðu, þessi sem er svo „skynsöm“ að hún heldur að hlutverk Íslands sé að framleiða rússneska byssuhluta og auðga þannig morðmarkaðina; vonandi að slíkt verði aldrei að öðru en nokkurs konar 1. apríl frétt. Önnur tegund meðalmennsku, en þó hliðstæð, er sú að Íslandi beri að fórna sjálfstæði sínu fyrir eithvað sem þeir kalla ebe; ef meðalmenn eru spurðir hver tilgangurinn sé, verða svörin þokuleg.

Þjóðernisstefna er til og hefur verið frá upphafi Íslandsbyggðar og það merkilegasta við þá stefnu er að hún er friðarstefna en ekki hernaðar. Það er mikill misskilningur ef einhverjur halda að þetta tvennt sé eitt og hið sama eða hljóti að fylgjast að. En það var þjóðernistilfinningin sem knúði fram frelsishreyfingar í A-Evrópu 1989 og síðar. Dæmi um friðsama en virka þjóðernisstefnu var stefna Íslendinga á tímabilunum 1830—1950 og 930—1262, á báðum tímabilum tengd Þingvöllum við Öxará. Slika stefnu þyrfti að endurvækja og gera að fordæmi fyrir aðrar þjóðir.

Í júní árið 1988 var á Málþingi á Þingvöllum samþykkt að beita hugaráhrifum til þess að skapa Fróðafrið (Pax Germanica) og síðan hefur Þýskaland náð að sameinast og margar aðrar þjóðir hlotið frelsi að nokkru. Þetta er dæmi þess að hægt er að snúa gangi mála með því að flytja goðorð á Þingvöllum; þar er kjarni lífaflsins: þar er hin germaniska Róm, sem segir fyrir um það sem verða á.

Sá eldur, sem nú brennur heitast á skinni Jaðarlíkamans, er það sem er að gerast á mörkum Króatíu og Serbiú. Þar fer allt versnandi og valdamenn vita engin ráð. Þetta er staðurinn þar sem heimsstyrjöldin 1914 hófst; það væri eftir líkum að endalok mannkynsins hæfust þar. En alveg eins og mátt hefði koma í veg fyrir þann hildarleik þá með því að hlíta ráðum frá Íslandi, mætti nú beina héðan þeim áhrifum sem mýkja hugarfarið.

Ég vil nefna eitt sem e.t.v. er ekki þýðingarlaust. Einhver ágætasti Króati, sem uppi hefur verið, var rafmagnsfræðingurinn Nicola Tesla (1857—1943), sem ungr að aldri fluttist til Ameríku. Sumir telja hann jafnoka Edisons eða betri, en aðstaða hans var miklu lakari. Jafnframt rafmagnsfræðinni fékkst Tesla við heimspeki og við aldamótin 1900 spáði hann því að hugskeyti frá íbúum annarra hnatta mundu ná til Jarðarmanna með 20. öldinni. Svo er sagt að móðir Tesla hafi kennt honum heimspeki og hafi hann jafnvel náð svo langt að svífa um loftið þar heima í sveitinni í Króatíu, líkt og fjöldi manns hefur reynt í draumum sínum og ýmsar sagnir eru um að tekist hafi einnig hér á jörðu. Sbr. söguna af Jesú, að hann „gekk“ á vatninu (sveif).

Það, sem nú þarf að gerast, er að áhrif frá stjörnunum — ekki spáspekileg heldur raunveruleg — nái að koma vitinu fyrir menn þarna í Suðaustur-Evrópu, þannig að friður skapist í stað styrjaldar. Slíkt virðist ekki vænlegt nú, en er þó hugsanlegt ef menn gera sér grein fyrir nokkrum frumatriðum lífafifræðinnar. En haldi menn áfram að trúá þeirri kenningu að miklir lífafsatburðir, „kraftaverk“, séu óskýr-anlegir og eigi að vera það, er engin leið fær nema fram á hengiflugið og fram af því.

Tíminn 2. október 1991.

RIT Dr. Helga Pjeturss



**Nýall — Ennýall — Framnýall
Viðnýall — Sannýall — Pónýall
Valdar ritgerðir I og II**

**FRÁBÆRAR BÆKUR
SEM ALLIR PURFA AÐ LESA**

Nýalsrit Dr. He
nytsöm eign á n

Er þér kunnugt um — a
maður Íslendinga á fyri bl
hinnar viðurkenndu frædig
sóknir á svefni, draumum o
um þau efni rit, sem bæði vo
og alþýðufólk.

Er þér kunnugt um — að
héldu, að hvergi væru reikis
okkar og hvergi líf nema hér
fram með vísindalegum röku
lífsins á ótal hnöttum.

Er þér kunnugt um — að
hyggjumaður í flokki vísind
þó afdráttarlaust hin “sálra
skýringa á eðli þeirra.

Er þér kunnugt um — að áðu
kom til sögunnar, hafði dr
hugtökin lífgeislun og lífgei
bessarar geislunar?

Er þér kunnugt um — að
skýrir ekki aðeins svefn og
skyggni, dásvefn, trúarreynsl
myndir manna um framhald

Er þér kunnugt um — að dr
sinnar — réttum helmingi he
ast og fræða um þessi málef
verða almennings-áhugaefni

Er þér kunnugt um — að þ
á landi haldið fram, að m
væru að komast á ystu nöf
ingar og vísindamenn annar
um slikt?

Helga — í nýjum tínum.

að framsækinn raunvísinda
i bluta 20. aldar fékkst, auk
eðigreinar sinnar, við rann-
m og eðli lífsins, og skrifaði
i voru ætluð vísindamönnum

að meðan íhaldssöm vísindi
eikistjörnur nema við sólina
hér, hélt höfundur Nýals því
ókum, að samband væri milli

að doktor Helgi var efnis-
sindamanna, en viðurkenndi
álrænu” fyrirbæri og leitaði

áður en Kirlian-myndtæknin
i dr. Helgi myndað vísinda-
fgeislar og sagt fyrir um eðli

að kenning doktors Helga
og drauma, heldur einnig
ynslu, og hinari ýmislegu hug-
hald lífsins og æðri veruleika.
dr. Helgi varði 38 árum ævi-
gi hennar — til þess að fræð-
álfni, sem nú eru að nýju að
en?

að þegar um 1920 var því hér
mannkynið og hnötturinn
nöf löngu áður en heimspeki-
nnarsstaðar fóru fyrst að tala

1. Nýall, 400 bls.
2. Ennýall og Framnýall, 484 bls.
3. Viðnýall og Sannýall, 322 bls.
4. Þónýall, 320 bls.

og nýtt ritgerðasafn eftir dr. Helga:

- A. Valdar ritgerðir I, 480 bls.
- B. Valdar ritgerðir II, 360 bls.

Verð þessara sex bóka:	Kr. 26.000
Verð Nýalsritanna (4 bindi):	Kr. 18.000
Verð Valdra ritgerða I—II:	Kr. 10.000

20% afsláttur er veittur gegn staðgreiðslu.

Undirrituð/aður óskar að kaupa:

6 bindi 4 bindi 2 bindi

Nafn _____

Heimilisfang _____

Póstnr./staður _____

Sími _____

og óskar að greiða kaupin á eftirfarandi hátt:

VISA EURO ANNAÐ: _____
 PÓSTKR. STAÐGR. RADGR.: _____

KORT NÚMER: _____

GILDISTÍMI KORTS: _____

SKÁKPRENT

DUGGUVOGUR 23
PÓSTHÓLF 1179 — 121 REYKJAVÍK

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

Spámæli Helga Pjeturss

Satt segir síra Bolli Gústavsson í grein sinni um ragnarök, nýlega birt í Lesbók Mbl., að ekki stefni nú alls kostar til þess, að spámæli Helga Pjeturss um aldamótin 2000 muni rætast. En þótt Helgi léti þessa góðspá frá sér fara, sem lesa má í bók hans Framnýal, þá mun hann hafa orðið einna fyrstur manna til að sjá fram á það, sem svo mjög hefir orðið á hinn verri veg á þessari öld, og hefði síra Bolli einnig mátt geta þess. Sem náttúrufræðingur mun Helgi Pjeturss fyrstur allra manna hafa gert sér grein fyrir hinum tveimur stefnum verðandinnar, sem hann nefndi lífstefnu og helstefnu, og taldi hann að helstefnan, stefna hinnar vaxandi þjáningsar, hefði jafnan verið meira ríkjandi á þessari jörð, og kemur þetta mjög víða fram í Nýöllum hans. Og til marks um, að hann hafi löngum séð fyrir það, sem svo varð, skal hér geta þess, að snemma árs 1914 skrifaði hann um, að illtíðindi væru framundan. Verð ég af þessu að ætla, að nefnd spámæli hans beri fremur að líta á sem hugleiðingu um það, sem gæti orðið, því eins og kunnugt mætti vera, boðaði hann ekki einungis ótta og ugg. Boðskapur hans var fagnáðarerindi um sigur guðsríkis fyrir framkomu nýrra og stórkostlegra sanninda.

Það eru nú liðin meira en sextíu ár síðan ég fyrst las ritgerðina „Hið mikla samband“, sem var upphafshefti Nýals, og er mér enn í minni, hve mér birti þá fyrir sjónum. Og til þess enn einu sinni að kalla fram endurminninguna um þann lestar, las ég ritgerð þessa nýlega ásamt enn öðrum Nýalsþáttum, og naut ég þessa lestrar eins og jafnan áður. En líklega hefi ég nú í meira lagi fundið til þess, hve þessar ritgerðir virðast nú vera gleymdar öllum almenningi, og var af þeirri ástæðu ekki laust við, að ég yrði síra Bolla þakklátur

fyrir það að hafa með nokkrum hætti rofið hina ríkjandi þögn. Og sé það framgangur æ réttari skilnings á heimi og lífi, sem síra Bolli á við með tali sínu um réttlæti guðs og gróandi mátt eilífs lífs, þá er ég honum mjög sammála. Að vita æ betur hið rétta hlýtur framar öllu að vera skilyrði fyrir því, að menn framkvæmda hið rétta. Og nú tek ég hér upp síðustu málsgreinina úr ritgerðinni, sem ég gat um hér að framan, því að þar kemur það svo glögglega fram, hve höfundi hennar hefir verið ljóst, hvert stefndi, þegar hún var samin.

„Grunlausir ganga menn leiðina til glötunar. Hatrið ólgar milli einstaklinganna, milli stétta hinna einstöku þjóðfélaga, og milli þjóðanna. Nú þegar eru menn teknir að undirbúa næstu styrjöld á ennþá stórkostlegrí hátt en þessi hafði verið undirbúin. En styrjaldir svara í mannfélagi til sóttar í líkama. Þá brýst ferlegast út í framkvæmd allur misskilningurinn á lífinu, allar hinar röngu hugmyndir. Þá er þverast stefnt gegn því sem þarf að vera ef tilgangi lífsins á að vera náð. Þá er fjarst verið því, að stefna áleiðis til þeirrar lífsheldar, sem verður, þegar enginn hugsar rangt um annan og enginn vill öðruvísí en vel. Fyrir löngu hefir menn grunað, að friður allra manna á milli mundi verða böls-endir, einkenni annars ástands á jörðu hér og góðs. Hitt hafa menn ekki vitað, þó að undarlegt megi virðast, að trúarbrögðin geta ekki fært mannkyninu friðinn.

Einungis þekkingin getur það, sú þekking, sem er ekki takmörkuð af neinum trúarbrögðum, sú þekking, sem gerir mönnum skiljanlegt, svo að þar þarf engrar trúar við, hvernig framtíð þeir skapa sér, sem vilja verða frægir og miklir af að baka öðrum ból, og hvernig einungis þar, sem lokið er öllum vilja á að gera öðrum illt, verður stefnt til hins mikla sambands.“

Lesbók Morgunblaðsins 28. 10. 1982.

LJÓÐ

Ingólfur Jónsson frá Prestbakka:

Snorri Sturluson

Enn biðu öðlings
óskráðar sögur
og Edduljóð,
en konungsmenn komu
á hestum þreyttum
af heiðarslóð.

„Eigi skal höggva“,
en öxin fíll
egghvöss og breið.
Þeir Gissur héldu
á hestum svörtum
heim á leið.

Litir regnbogans 1989

Helgi Sæmundsson:

Viðvörun

Kona góð, þér vil ég ráða
þína ull að vinna sjálf.
Ekki fella verk úr hendi
þegar skylda kallar að.
Farsæld glöðum nautnun dýrri
fólgin er í lófa þér.
Vara þig á gylliboðum.
Treystu ekki Gilitrutt.

Vefurinn sífelldi

Gleðiefnið mikla:

**Undankoma tveggja samherja
og von um björgun mannkyns**

I.

Mig dreymdi, að ég væri staddur einhvers staðar, ég held helst úti við, og mér voru færðar fréttir, sem gerðu mig óumræðilega glaðan.

Og er nú best að ég segi nokkuð frá þeim hugsunum, sem bærðust í huga mínum, eða réttara sagt, í huga draumgjafa míns.

Mér þótti ég vera fylgjandi flokki manna, sem barist hefði fyrir málefni nokkru, sem mér þótti svo mikilvægt, að ef það næði fram að ganga mundi það bjarga allri þjóðinni eða jafnvel öllu mannkyni frá miklum voða. Ekki kom þó fram í huga mér, hvaða málefni þetta væri.

Mér þótti þessi flokkur, sem ég fylgdi eindregið að málum, hafa náð nokkrum áhrifum þannig, og að málefnið hefði eignast nokkurn hóp áhangenda. En þá komu fram óvinir málefnisins, og réðust á áhangendur þess með mikilli grimmd. Höfðu þeir nú þegar drepið mikinn fjölda þeirra. Pótti mér ég hafa haft þungar áhyggjur út af þessu máli og hvernig því mundi lykta.

En nú bárust mér þær fréttir, að tveir af aðalmönnum hreyfingarinnar hefðu komist lífs af. Við að heyra þessa frétt varð ég ósegjanlega glaður og ég þóttist hrópa upp: „Úr því að þessir tveir menn komust lífs af, þá er enn von til að málefni okkar sigri“. Enn var ég þó hræddur um afdrif mikils hluta fylgjenda málefnisins, því mér þótti, sem þeir

væru innikróaðir og umluktir óvinum sínum á alla vegu, á einhverjum sérstökum stað, þar sem átökin fær einkum fram. Samt var ég miklu vonbetri nú en ég hafði áður verið. Draumurinn var svo ekki lengri.

II.

Mér kemur í hug að e.t.v. hafi ég fengið draumsamband við einhvern mann á frumlífshnetti, þar sem lífsambandið hefði nýlega verið uppgötvað og sa skilningur náð einhverri útbreiðslu. Hefði uppgötvun þessi vakið fjandskap í garð þeirra manna, sem staðið hefðu að útbreiðslu þessa nýja skilnings á tilverunni, og hefði svo verið ráðist á þá með offorsi miklu. Að vísu kom þetta ekki beint fram í draumnum, en þó þótti mér málefnið ósegjanlega mikilvægt.

Og hvað gæti verið mikilvægara á hnerti, þar sem líkt mundi haga til og hér á okkar jörð, en að þar kæmi fram hinn rétti skilningur á eðli lífsins, og hvað verða mætti mannkyni þeirrar jarðar til bjargar.


(4/A)

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 30. september 1972)

(Lesið upp á fundi í Félagi Nýalssinna 2. maí 1973)

Vetrarbraut.



Vetrarbrautir eru stórkostleg hnattasöfn í djúpum geimsins.

Kvennasamkoman mikla

(Sviftilraunir á íþróttamóti)

*Draumur um allsherjarsamkomu
þjóða, á hnetti, þar sem snúið hefur
verið til lífsteftnuáttar.*

I.

Úti þóttist ég staddur á einhverskonar viðáttumiklum leikvangi, og færðu hér fram íþróttir kvenna. Væru hér saman komnar ungar konur úr flestum löndum heims, og hefðu konur efnt til þessara leika. Fáir karlmenn voru hér áhorfendur, væri þeim þó frjáls aðgangur og hefði ég því notfært mér þetta tækifæri.

Ég var að hugleiða þessi mál með sjálfum mér. Væri hér haldir e.k. heimssamkoma kvenna og skyldu hér fara fram umræður um listir, vísindi, menningu, heimspeki o.fl. auk íþróttar. Þótti mér orðið hafa breyting nokkur til bóta á öllum högum mannkyns, eigi alls fyrir löngu og væri nú sótt markvisst fram á leið á öllum sviðum. Stæðu konur þar fremstar í flokki, og væri samkoma þessi einn liðurinn í þeiri framsókn.

Skýrt kom fram í huga mínum það hugtak, að heimurinn væri hnöttur og að á honum væru mörg lönd og margar þjóðir. Ekki komu fram nein nöfn landa eða þjóða, og heldur ekki, að þjóðir heimsins væru mjög ólíkar hver annari útlits.

Það þótti mér einnig, að allsherjar áhugi á sönnum framförum, öllum til handa, væri ríkjandi um allan heim. Væri þessi framfaraáhugi þó tiltölulega nýtilkominn, og væri árangur þegar farinn að koma í ljós á ýmsum sviðum.

Ekki man ég fleira úr hugleiðingum þessum.

En þar sem ég nú sat þarna sem áhorfandi á þessu stóra leiksvæði, þá tók ég eftir að mjög var bjart yfir öllu, þótt ekki sæi ég sól á lofti. Ég tók eftir að lágvaxin fjöll eða háls-

ar voru allskammt í burtu, græn á lit, svo sem væru þau vaxin skógi eða öðrum hávöxnum gróðri.

Leikvangurinn sjálfur stóð á víðum völlum. Var honum skipt í margar deildir, en engar girðingar eða hindranir skildu þá að, svo sem við eignum hér að venjast. Mjög vel sá yfir allt þetta mikla svæði, þaðan sem ég var staddur.

Sá leikvangur sem næstur mér var, var mjög langur, en til-tölulega mjór. Ég stóð nálægt miðju þessarar brautar og sá yfir hana í báðar áttar. Þar var e.k. þráðbein hlaupabraut vinstra megin, en slakki nokkur eða lægð hægra megin, og við þann enda brautarinnar var þverhnýptur stallur, nokkrir metrar á hæð.

Nú hófust íþróttir á þessari löngu braut. Nokkrar konur komu inn á vinstri enda brautarinnar og hlupu eftir henni og er þær komu að slakkanum reyndu sumar að svífa yfir hann og tókst það, en aðrar gátu það ekki og urðu þá að hlaupa áfram yfir lægðina. Þá sá ég að sumar reyndu að svífa upp á stallinn fyrir enda brautarinnar en tókst ekki.

Annar flokkur kvenna kom inn á brautina og hljóp eftir henni á sama hátt og sá fyrrí, og svo hver flokkurinn á fætur öðrum. Tókst stúlkunum misjafnlega vel að svífa yfir slakkann á brautinni, og enn ver gekk þeim að svífa upp á stallinn háa, við enda hennar en þó tókst þeim það, einni og einni, og þótti mér það fela í sér hámarksárangur íþróttarinnar að geta náð því marki, og einnig fannst mér það vera hverri stúlku mikill heiður, og að auk þess gerði hún landi sínu og þjóð mikinn sóma, með því að ná þessu marki. Pótti mér svif vera nýleg keppnisgrein á hnettinum öllum og væri mikið lagt upp úr því, að sem mestur árangur næðist á því sviði.

Nú er eins og eithvað falli niður í samhengi draumsýnar minnar, og hið næsta sem ég man er það, að ég er staddur í stórum sal. Hér eru saman komnar konur þær úr ýmsum löndum sem efnt höfðu til þessa þings. Ein var þar kona fyrirliði. Var hún skrautbún mjög í fagurlitum klæðum og nokkuð á annan veg en ég hef áður séð. Björt var hún yfirlitum og tíguleg í framgöngu, en ekki kann ég þó að gefa á

henni nánari lýsingu. Hún gekk á upphækkaðan pall í miðum sal og ávarpaði viðstadda.

EKKI man ég neitt úr ræðu hennar annað en það, að hún bauð hverjum sem vildi að leggja fyrir sig spurningar og skyldi hún svara eftir bestu getu.

Ég vildi þá nota tækifærið, stóð upp og spurði hana á þessa leið:

„Telur þú að einhverjir hafi alltaf kunnað þá list að svífa?“

Hún svaraði: „Nei, það hefur verið óþekkt á okkar jörð“

Ég spurði enn: „Álítur þú að hér sé orðin breyting á?“

Hún: „Já, því verður ekki í móti mælt. Mönnum er farið að takast að svífa smáspotta lárétt yfir jörðu.“

Ég: „En hefur ekki tekist að svífa lóðrétt upp frá jörðu?“

Hún: „Varla er hægt að segja, að svo sé. Þó eru fáein dæmi þess, einkum á stórsamkomum, þar sem allir leggja sig fram. Á leikvanganum hérna mátti t.d. aðeins sjá vott þess.“

Ég: „Er eithvað leggjandi upp úr því að geta svifið?“

Hún: „Já, ég tel það stóran ávinning. Og með samtaka einbeitingu marga, munu framfarir verða á þessu sviði smátt og smátt.“

Ég: „Nú hafið þið konur í hyggju að efla listir, vísindi og heimspeki. Hvernig miðar í þeim málum?“

Hún: „Ég verð að segja að vel miði fram á leið. Konur og karlar um allan heim leggja sig mjög fram um að efla allt, sem til menningar horfir. Og víst mun verða framhald hér á, úr því tekist hefur að snúa við gangi sögunnar.“

Ég hætti að spyrja, en ég fann, að allir viðstaddir höfðu hlýtt á þetta samtal okkar.

Allir settust í sæti sín. Konan fyrrnefnða fór að tala í samfelldri ræðu, en ekkert man ég úr tali hennar. Ég leit yfir þennan stóra sal og yfir þann mikla fjölda sem hér var saman kominn, líklega mörg hundruð ef ekki þúsundir. Ég svipaðist um, hvort ég sæi ekki einhverja karlmenn hér, en ég sá, að þeir voru aðeins þrír auk mín. Og undraðist ég nokkuð, hversu fáir þeirra sækta þennan fund, því tilkynnt

hefði verið, að einnig þeir væru hér velkomnir.

Ég hlustaði á konuna, sem stóð hér fyrir framan okkur og talaði. Fannst mér hún segja margt athyglisvert og hvetjandi, en ekki man ég neitt að segja úr máli hennar.

Hér lauk draumnum og var ég eins og altekinn áhuga á mikilvægi þess, sem konan boðaði, fyrst eftir að ég vaknaði.

II.

Ýmislegt er það í draumi þessum, sem mér finnst vera allmerkilegt, og sýna fram á, hvað hér gæti orðið, ef rétt stefna tækist í lífsambandsmálum.

Draumgjafi minn mun vera íbúi einhverrar jarðstjörnu í öðru sólhverfi. Þar mun vera frumlífsmannkyn, sem tiltölulega nýlega hefur tekist að snúa til réttrar áttar, og fengið sambönd við lengra komna lifendur annarsstaðar í geimi og nýtur nú frá þeim magnanar og orkuaðstreymis í auknum mæli, frá því sem áður hefur verið.

Vegna þessarar auknu magnanar, eru nú íbúar hnattarins farnir að gera tilraunir með nýja tegund íþróttar: **svif** og margt nýtt og betra mun nú vera þar í uppsiglingu.

Víða munu hafa komið fram hæfir forustumenn, til að leiða sambandsmálin fram til sigurs, og þeirra á meðal mun vera kona sú hin bjarta og tígulega sem draumgjafi minn átti samtal við.

Svo mætti virðast, af draumi mínum, sem skilningur á sambandsmálum sé almennur orðinn um allan hnöttinn og vaxandi áhuga gæti hvarvetna.

Mjög væri það eftirsóknarvert fyrir okkur jarðarbúa, ef unnt yrði, vitandi vits, að ná föstu sambandi við forustumenn á frumlífshnetti eða - hnöttum þar sem snuíð hefði verið til lífstefnuáttar. Samstaða milli mannkynja, þar sem sókn væri hafin í stjörnusambandsmálum yrði hin mesta lyftistöng til betra lífs. Því takist einum hnetti að snúa til réttrar áttar, yrði það fjölmörgum öðrum mannkynjum til björgunar og stefnubreytingar.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 20. október 1985)

(Lesið upp á fundi F.N. myd. 7. maí 1986)

SAMBANDSFUNDIR

Fyrir miðilsmunn 20. 8. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sigurður Skúlason, magister.

Sigurður Skúlason.

Eiríkur Harðarson: Ertu fyrrverandi kennari minn?

Sigurður: Heill og sæll.

Eiríkur: Þú kenndir mér fyrir nokkrum árum.

Sigurður: Jæja, það er sá hinn sami, er mælir, framliðinn stjörnubúi.

Er ég framliðinn íbúi annars hnattar einn af mörgum, er til Íslands hugsa um geimdjúp það, er aðskilur hnetti okkar.

Öll hin furðulega heimssmíð stjarngeimsins á að verða á valdi lífsins. Allstaðar á lífið að sigra ófullkomnun, ná alfullkomnun efnis og anda. Það er takmarkið.

Af mér er það að segja, (að) sem íbúi annars hnattar hefur mér stórlega vaxið ásmegin og likamsþróttur og hugarþróttur. Miklum mun öflugri en í frumlífi mínu.

Málfarið á framlífsjörð minni, orðfærið, það er framúrskarandi fagurt. Ég taldi mig unnanda íslensk máls og íslenskrar menningar og ég tel mig enn svo vera.

Eiríkur: Ég naut góðs af því.

Sigurður: Það þykir mér vænt um, að þú minnist mín með vinsemd jafnan (og) að þú hefur látið þér annt um líðan eftirlifandi eiginkonu minnar einnig. Pakka ég þér innilega fyrir og mun endurgjalda þér það, ef ég get, margfaldlega. Hún er ekki alltof hraust blessunin.

Og ég finn það glögglega, *er ég tala til ykkar*, að ykkur fylgir einhver *sérstakur kraftur* og það góður hugur og ég verð ýmislegs áskynja, er ykkur varðar, um leið og sambönd ykkar til æðri hnatta birtast mér í undraljóma og fegurð mjög stórkostlegar byggingar og stórkostlega fagurt landslag og *undraverð áhrif af fjölda miklum í djúpum dal*, til dæmis, samankominн þar sem er *einhver tilraun til að senda*

kraft til jarðarinnar á þessari stundu. Menn af mörgum þjóðum, er þar taka höndum saman undir forystu leiðtoga nokkurs af grísku kyni.

Þorsteinn Guðjónsson: Er hann löngu farinn?

Sigurður: Því get ég best trúað að svo sé, því maðurinn er undursamlega tignarlegur ásýndum og göfugmannlegur. Enginn meðalmaður mun hann vera sá. *Milljónalið þarna bókstaflega.* Það er gífurlegur mannfjöldi.

Jæja, þar hvarf þessi sýn en áhrifin vara enn.

Og læt ég hér lokið þessu spjalli og þakka fyrir.

Verið sæl.

*Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandsupptökum).*

Fyrir miðilsmunn 2. 4. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Zaraþústra.

Zaraþústra.

Sæl.

Til Íslands er horft frá billjónum vetrarbrauta. Ég á heima í annari vetrarbraut og eruð þið mögnuð héðan og á Íslandi þarf afslvæðið að eflast til mikilla muna svo heimsótt geti ég ykkar land hamförum vetrarbrautanna í milli. Purfum við að ná (betur) til að nauðsynlegt orkusambönd komist á milli vetrarbrautanna, þessarar, sem ég á heima í og ykkar og enn annara vetrarbrauta. Þar sem framfarir lifendanna fara sífellt vaxandi.

Er ég þakklátur fyrir þetta samband við jörðina ykkar og *stefni að heimsókn*, þó ekki að þessu sinni. Hver frumlífs hnöttur þarf að stíga skrefið til *vísindalegs sambands* við hið æðra tilverustig stjarnanna. Byrjunarskref í þá átt er stigið á Íslandi með sambandstilraunum slíkum, þó í smáum stíl séu ennþá og af veikum mætti. *Það er rétt stefnt.*

Þakka fyrir.

Verið sæl.

*Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandsupptökum).*

Fyrir miðilsmunn 2. 4. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Strindberg.

Strindberg hinn sænski.

Sæl.

Það er skáldið sem mælir fáein orð að þessu sinni hér, Strindberg, og mér er mikil ánægja að ná til ykkar frá framlífsjörð minni, þar sem er fagurt mjög og gott að lifa. Undursamleg fegurð náttúrunnar, farsæld lifendanna mikil hér og þróttur andlegur og líkamlegur mikill í mönnum og skapandi vit, snilld mikil í listum og vísindum.

EKKI er hér kyrrstaða heldur framför, sigrar hinir stærstu unnir í listum og vísindum. En þegar svo er, þá er rétt stefnt og vel stefnt og mönnum vex ásmegin meir og meir. Lífið þroskast í rétta átt til samstillingar við óteljandi lífstjörnur alheimsins. Þar, sem svo er, þar er komið á hina merkileg-ustu framfaraleið.

Eins og mér virðist ástæður á jörðu ykkar vera, vantar mikið á, að vel sé enn þar stefnt og er þörf á stefnubreytingu mikil, hugarfarsbreytingu þjóðanna og mannkyns alls í vitáttina og þó ekki við slíku að búast á örskammri stund að vísu. En það þarf að hverfa frá fornum bábiljum, heila-spuna ýmsum, trúarbrögðum og öðrum fræðum, sem tefja svo fyrir hinni sönnu framför mannkynsins og ná til vísinda-legs skilnings á undirstöðueðli lífsins og tilgangi.

Og það eru norrænar þjóðir, sem þar þurfa að hafa forystuna til farsælli og fegurri framtíðar mannkynsins. En ég (tel mig ekki) halla á neinn, þó ég nefni þar Íslendinga fyrst og fremst af norrænum þjóðum og er þar auðvitað margt, sem styður mál mitt, ef út í það yrði farið. En læt það nú bíða.

Þakka fyrir.

Verið sæl.

Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandsupptökum).

Fyrir miðilsmunn 05. 10. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Þórbergur Þórðarson.

Þórbergur Þórðarson.

Komið sael og blessuð.

Ýmsar minningar frumlífsins rifjast upp við það að heilsa ykkur á gamla Íslandi og ég þykist muna allvel liðna ævi. Allt það, er á dagana dreif, geymi ég í minninganna safni, sem oft er hægt að rifja upp við ýmis tækifæri. Eins er það, að ég hef bætt við minningarnar hér ýmsum furðulegum, ótrúlegum hlutum, eins og þegar ég á þess kost hér að fara milli hnatta í heimsóknir, jafnvel milli vetrarbrauta, hamfórum og um það verður unnt að segja margt merkilegt síðar. En nú þessa stund er ég staddur þar sem er víðsýnt mjög, hátt á fjalli og eru með mér nokkrir vinir mínr, þeir sem ég treysti til fulls, listamenn og spekingar, skapandi snillingar. Stórlega merkileg er saga þessara vina minna, væri hún sögð. Og hér eru þeir í heimsókn. Á fjallinu hér birtast þeir bjartir og geislandi af fegurð og lífsþrótti. Að öllu leyti eru þeir líkamlegir, áþreifanlegir, meðan þeir hafa hér viðvöl og ekki er það lítið ánægjuefni, að fá slíka vinaheimsókn af fjarlægum hnetti. Sú orkuuppsprettar er hér er undirrótin, lífgeislun milli hnatta, er verð þess að um sé talað. Furðulegir möguleikar samfara þeirri geislun, þar sem afslvæði leyfir heimsóknir.

Pakka svo fyrir og verið sael.

Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandsupptökum).

Fyrir miðilsmunn 22. 10. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Bjarni Jónsson (Séra Bjarni?)

Bjarni Jónsson.

Sælir.

Jæja, ekki get ég annað en látið í ljós þakklæti yfir ykkar tilraunum, er vissulega má kalla merkilegar og er ekki neinn vafi á, að þar er orkugeislun lifendanna í milli um geimdjúpið mikla það er aðskilur hnerti og hnattabyrpingar geimsins þær, er óendantlega stórkostlegar eru og enginn hefur orð yfir í raun og veru, er duga til að lýsa svo að vel sé.

En heimurinn, hinn óendantlegi stjörnuheimur, er okkar heimkynni og við eיגum fyrir höndum að vaxa að viti og mætti og segurð í þeim heimi óendantlega. Jörð af jörð eignum við að stefna til hinnar æðstu fullkomnumar líkamlegrar og andlegrar mætti með réttu segja. Því líkamleg fullkomnum verður að nást og henni samfara andlegur þroski, held ég. Það er hið stórkostlega takmark, er stefnt er að í heimi orku og efnis og rúms. Á milljónum og trilljónum himinhnatta er framtíðar þroskabraut hvers framundan.

En enginn vafi er á því, að maðurinn er vísis að æðstu veru og á að stefna til hinnar æðstu fullkomnumar og þar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir ýmsum undirstöðuatriðum lífernисfræði (og) alheimslíffræði, ef vel á að takast til um þroska og framför hvers, er hefur hug á að stefna upp á við. *EKKI NIÐUR Á VIÐ. ÞAR ERU HÆTTURNAR GEIGVÆNLEGRI EN ORÐ FÁ LYST, ER BÍÐA HINS FÁFRÓÐA OG ÓUPPLYSTA HELSTEFNANDA.*

Nú er ég í mannfélagi, þar sem enginn lætur sér til hugar koma að gera öðrum mein og leggur alla stund á að gera öðrum gott. En þegar á þá leið er komið vex mönnum afl og segurð og sannleiksást meir og meir.

En (þegar) slík hugsun manna er, (sem) hér (er) og breytni, verður samband manna við hið fullkomnara tilverustig æ fullkomnara. Menn eru sér þess meðvitandi, að þeir eru þáttur í óendantlegri tilveru og samband og samstilling lífsins í alheimi hið mikla takmark, er þeim ber að stefna að,

hver fyrir sig og allir í sameiningu, eins og vit og þroski framast leyfir á hverjum stað og á hverjum hnetti.

Ekki verður of mikil áhersla lögð á góðvild og mannkærleika samfara beitingu vitsmunanna og skynseminnar, sem svo mjög er nauðsynleg til andlegs og líkamlegs þroska. *Öll tilvera mannsins frá því að vera ómálga barn og til fullorðinsára og manndómsára, þarf að vera þroskavænleg og þarf að efla með börnunum skyra og skilmerkilega hugsun. Hjálpa þeim til að skilja sjálf sig og aðra í ljósi œðsta vísdóms mannsins og þekkingar.*


Nú er það auðvitað eins og búast má við spurning, hver sé æðsti vísdómur mannsins og þekking á jörð eins og ykkar, til dæmis. Og svarið er: *Sú þekking og vísdómur sem best miðar til að efla samband mannsins við hið œðra tilverustig.*

Pakka fyrir.

Verið sælir.

Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandsupptöku).

Tvistirni og fleirstirni.



Til lesenda Lífgeisla

Því miður hefur nú orðið helst til langur dráttur á útkomu þessa 68. heftis (ágúst-heftis Lífgeisla) og biðjum við lesendur afsökunar.

Staðið hefur yfir nú um alllangt skeið ný útgáfa af **Nýöllum** dr. Helga Pjeturs í 4 bindum og sem viðbót **Valdar ritgerðir** hans í 2 bindum.

Mun þessi nýja útgáfa brátt verða tilbúin og vonumst við þá eftir að lesendur Lífgeisla og aðrir landsmenn bregðist á verðugan hátt við þessari nýung, sem auðvitað hlýtur að fara eftir efnum og ástæðum hvers eins.

Við, sem að útgáfunni stöndum berum þá von og ósk í brjósti, að þetta framtak, ef því verður vel tekið af fjölda landsmanna, megi stuðla að breytingum til batnaðar á högum þjóðarinnar og að birti til í hugum þeirra, sem horft hafa fram á veginn með nokkrum ugg og kvíða, þannig að betur fari að stefna, en lengi hefur verið útlit fyrir.

Verið svo kært kvödd, — gangi allt í haginn.

Fyrir hönd Lífgeisla og Félags Nýalssinna,

Ingvar Agnarsson

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
 Ritsstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Geimþokan fagra. (Sjá forsíðumynd)	bls.	110
Örninn. (Stjörnumerki). Mynd	"	110
Leifur heppni og hugarfarið.		
Þorsteinn Guðjónsson	"	111
Draumur um Atlantis. Þorsteinn Guðjónsson	"	113
Mannsandlitið á Mars (með mynd).	"	118
Sýnir frá öðrum hnöttum og heimsóknir þaðan.		
Þorsteinn Guðjónsson	"	120
Pingvellir og örlog þjóða. Þorsteinn Guðjónsson	"	124
Spámæli Helga Pjeturss.		
Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum	"	128

AUGLÝSING:

Auglýsing um Nýalsrit dr. Helga Pjeturss		
— Ný útgáfa í sex bindum	"	126

LJÓÐ:

Snorri Sturluson. Ingólfur Jónsson frá Prestbakka	"	130
Viðvrun. Helgi Sæmundsson	"	130

DRAUMAR:

Gleðiefnið mikla I. A.	"	131
Kvennasamkoman mikla I. A.	"	133

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson		
Ritari: Gunnar Hjörvar		

Sigurður Skúlason, magister	"	137
Zaraþústra	"	138
Strindberg	"	139
Þórbergur Þórðarson	"	140
Bjarni Jónsson (Séra Bjarni?)	"	141

MYR:

Stjörnur, sólir á litlum bletti himins (stjörnumynd)	"	123
Vetrarbraut (stjörnumynd)	"	132
Tvístirni og fleirstirni (stjörnumynd)	"	142

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífgeisla. I. A.	"	143
------------------------------------	---	-----